

Ed.

## 123. Frumvarp til laga

[109. mál]

um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—1981).

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Hann skal vera í vörslu sérstakrar stjórnar, sem skipuð er af sjávarútvegsráðherra samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Sjóðurinn hefir tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsgjald af grásleppu-  
afurðum.

### 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta hlut útgerðaraðila og áhafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum, samkvæmt nánari reglum, sem settar skulu með reglugerð.

### 3. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti þrír menn, sem sjávarútvegsráðherra skipar eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

2 menn tilnefndir af Samtökum grásleppuhrognafurðeigenda (S. G. H. F.)

1 maður tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og sé hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar.

Skipunartími sjóðsstjórnarmanna skal vera fjögur ár og miðast við gildistöku laga þessara.

S. G. H. F. hefir umsjá sjóðsins og annast afgreiðslu hans undir eftirliti sjóðsstjórnar og yfirstjórn ráðherra.

Sjóðsstjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga sjóðsins og skulu þeir árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Ríkisendurskoðun og Ríkisbókhald skulu jafnan hafa aðgang að reikningum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér til þess að fé hans sé jafnan ávaxtað með bestu fáanlegum kjörum.

### 4. gr.

Bótaréttur miðast við veiðiskip, sem veiðileyfi fá til grásleppuveiða, enda séu haldin þau skilyrði, sem um veiðarnar gilda hverju sinni.

Bótatímabil miðast við það veiðitímabil, sem ákveðið er hverju sinni fyrir hvert bótasvæði.

Bótasvæði skulu ákveðin með reglugerð.

### 5. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalflí veiðiskipa á viðkomandi bótasvæði nemur að meðaltali minna en 75% af meðalfla seinustu fimm ára. Skal þá bótum til einstakra útgerðaraðila hagað þannig, að hverju því skipi, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni séu bætt 40% af því, sem á vantar meðalveiðimagnum og að

siðan með vaxandi aflu lækki hundraðshluti bóta, en þó skal aldrei bætt meira en sem svarar því að 67% vanti á meðalveiðimagnið samkvæmt eftirfarandi reglu.

Skip, sem aftar	45% af meðalafli, fær	40% bæt看ur af því, sem á vantar meðaltal.
— — —	46%	— 39%
— — —	47%	— 38%
— — —	48%	— 37%
— — —	49%	— 36%
— — —	50%	— 35%
— — —	51%	— 34%
— — —	52%	— 33%
— — —	53%	— 32%
— — —	54%	— 31%
— — —	55%	— 30%
— — —	56%	— 29%
— — —	57%	— 28%
— — —	58%	— 27%
— — —	59%	— 26%
— — —	60%	— 25%
— — —	61%	— 24%
— — —	62%	— 23%
— — —	63%	— 22%
— — —	64%	— 21%
— — —	65%	— 20%
— — —	66%	— 19%
— — —	67%	— 18%
— — —	68%	— 17%
— — —	69%	— 16%
— — —	70%	— 15%
— — —	71%	— 14%
— — —	72%	— 13%
— — —	73%	— 12%
— — —	74%	— 11%
— — —	75%	— 10%

Hrökkvi fé sjóðsins ekki fyrir bótum, skulu þær lækka hlutfallslega.

#### 6. gr.

Ef afli einstaks útgerðaraðila er minni en tíu tonnur saltaðra grásleppuhrogna, eða tilsvarendi samanlagt verðmæti grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða. En það firrir hann þó ekki skyldu til greiðslu útflutningsgjalds af afurðunum samkvæmt lögum þar um.

Ef afli er minni en  $\frac{1}{3}$  af meðalafli viðkomandi bótasvæðis, skal sjóðsstjórn rannsaka ástæður þess. Ef þá kemur í ljós, að vanræksla eða óstjórn í sókn og útgerð á verulegan þátt í þessu, er sjóðsstjórn heimilt að skerða bæt看ur eða fella þær með öllu niður. Útgerðaraðili, sem stundað hefur veiðar í skemmri tíma en  $\frac{1}{2}$  bótatímabil, á ekki rétt á bótum.

#### 7. gr.

Fái útgerðaraðili bæt看ur úr sjóðnum, getur sjóðsstjórn krafist tryggingar fyrir því að greiðslur á launum sjómanna gangi fyrir öðrum greiðslum af bótafénu.

#### 8. gr.

Fiskifélagi Íslands er skylt að láta sjóðsstjórn í té allar nauðsynlegar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna ákvörðunar bóta, enda hafi skýrslur borist frá útgerðaraðilum.

9. gr.

Kostnaður við rekstur sjóðsins, þar með talin laun stjórnarmanna, greiðist af aflafé hans.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 50 milljónir króna til þess að starfsemi hans geti hafist innan eðlilegra tíamarkna, eða ef fé skortir vegna óviðráðanlegra ástæðna. Aflafé hans skal vera til tryggingar greiðslu lánsins og gjaldsfrestur skal aldrei vera lengri en fimm ár. Vextir af slíkum lánum skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands greiðir af innistæðum viðskiptaaðila sinna. Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast slíkt lán.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir allar renna í ríkissjóð.

12. gr.

Mál út af lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981. Ákvæði þeirra um bætur vegna aflabrests taka þó ekki gildi, fyrr en fé er fyrir hendi af tekjum af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum þar um eða vegna lántöku samkvæmt 10. gr.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Með bréfi dags. 18. febrúar 1980 sneri stjórn Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda (S. G. H. F.) sér til sjávarútvegsráðherra með ósk um, að hann beitti sér fyrir setningu laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum og ráðstöfun á því í þágu framleiðenda sjálfra þ. á m. til stofnunar sérstaks aflatryggingasjóðs grásleppuveiðimanna.

Frumvarp þetta er flutt jafnframt frumvarpi um útflutningsgjaldið. Eru bæði frumvörpin samin í sjávarútvegsráðuneytinu að höfðu samráði við stjórn og framkvæmdastjóra S. G. H. F. Í greinargerð fyrir frumvarpinu um útflutningsgjaldið er fjallað allrækilega um markmiðið með stofnun aflatryggingasjóðs, tekjuöflun til hans og megindrætti fyrirkomulags hans og þar með höfuðatriði þessa frumvarps. Er hér með vísað til þess og því ekki tilefni til frekari almennra athugasemda um frumvarp þetta. Rétt er þó að geta þess, sem alkunnugt er, að árið 1949 var með lögum stofnaður Hlutatryggingasjóður bátatúvegsins, sem nú heitir Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, og starfar eftir lögum nr. 80/1971 með síðari breytingum. Grásleppuveiðimenn hafa aldrei átt aðild að honum. En við samningu þessa frumvarps hefir að sjálfsögðu verið höfð, eins og fært var, hliðsjón af lögum þessum og þeirri vitneskju, sem fyrir hendi er um starfsemi hans og reynslunni af henni, sem óhætt er að segja að menn séu sammála um að sé góð. Vart mun t. d. hvarfla að mönnum að leggja þann sjóð niður.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin fjallar um nafn sjóðsins, heimili hans og varnarþing svo og um vörslu hans, sem síðar verður rætt um.

Um 2. gr.

Í greininni segir, að útgerðarmönnum og áhöfnum skuli greiddar bætur, þegar aflabrest ber að höndum sem nánari reglur er að finna um í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Er að öðru leyti gert ráð fyrir að reglur um ýmsa þætti séu settar í reglugerð. Er þar aðallega og raunar fyrst og fremst um að ræða regluna um skiptingu landsins í bótasvæði. Hér er um að ræða sama hátt og hafður er á um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Áður en reglur eru settar um bótasvæði, þarf að fara fram allrækileg könnun og umræða um, hvað henti best. Síðan þarf reynslan að leiða enn betur í ljós, hvort sú skipan, sem þannig verður ákveðin, sé heppileg og réttlát, og gæti þá komið til þörf á reglugerðarbreytingu. Engin þörf er á að flokka veiðiskipin eftir stærðum og gerðum og því, hvaða veiðiskip þau stunda, eins og gert er í reglugerð um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, því að grásleppuveiðibátar eru allir af svipaðri stærð, undir 12 brúttórumlestum, og sjóðurinn tekur aðeins til grásleppuveiðanna, en ekki annarra veiða, sem bátar þessir kunna að stunda utan grásleppuveiðitímans.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsráðherra skipi þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára, alla eftir tilnefningu. Er hér sami háttur hafður á og gildir um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins að öðru leyti en því, að í lögum um hann er ákveðið, að fiskimálastjóri sé sjálfskipaður og formaður sjóðsstjórnar, enda er sá sjóður í vörslu Fiskifélags Íslands.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna sé í vörslu samtaka þeirra, enda eiga þeir eða samtökin sem slík ekki aðild að Fiskifélaginu eins og öll þau samtök, sem tilnefna menn í stjórn Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Hins vegar er hér gert ráð fyrir því, að Fiskifélagið tilnefni einn af þremur mönnum í sjóðsstjórn og sé hann jafnframt formaður hennar. Er þetta gert bæði vegna þess í fyrsta lagi, að Fiskifélaginu er í 2. mgr. 8. gr. gert að skyldu að láta sjóðsstjórn í té allar nauðsynlegar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfa sinna, enda safnar Fiskifélagið öllum aflaskýrslum í sjávarútvegi þ. á m. um grásleppuafila. Í öðru lagi þykir æskilegt að hafa í stjórninni mann frá Fiskifélaginu þar sem þar er saman kominn mikil þekking á aflatryggingum, enda verður að ætla, að Fiskifélagið tilnefni mann, sem sérstaklega býr yfir slíkri þekkingu. Sjóðurinn verður að sjálfsgöðu undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og telst til þeirra stofnana, sem undir sjávarútvegsráðuneytið heyra.

Loks er að finna í greininni ákvæði um endurskoðun og upplýsingaskyldu til Ríkisbókhalds og Ríkisendurskoðunar ef tilefni kynni að gefast til.

Um 4. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem rækileg könnun og viðræður við framkvæmdastjóra Aflatryggingasjóð leiddu í ljós, að rétt væri að um grásleppuveiðarnar giltu um þetta efni sömu reglur og gilda um ákvörðun bótageiðslna almennt í fiskveiðum.

Um 6. gr.

Það er vitað að æðimargir menn stunda grásleppuveiðar sem ígripavinnu jafnframt öðru aðalstarfi. Ekki þykja rök hníga að því, að slíkir menn njóti bótaréttar í sjóðnum, nema þeir stundi veiðarnar af slíku kappi, jafnframt aðalstarfi, að um verulegan afla verði að ræða. Þeim er þó gert að greiða útflutningsgjald af afurðum sínum, enda njóta þeir alls annars hagræðis af útflutningsgjaldi og kemur

það sér í mörgum tilfellum sjálfsagt betur fyrir þá en hina sem stunda veiðarnar sem aðalstarf, meðan vertíð stendur.

Þetta atriði er raunar enn betur staðfest með 2. mgr. 6. gr., sem tekin er óbreytt úr lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um 7.—13. gr.

Greinar þessar eru tæknilegs eðlis og þurfa naumast skýringa við, enda ýmist teknar beint úr lögum 80/1971 eða samdar með hliðsjón af gr. sama efnis í þeim.

Um 14. gr.

Í greininni er ákveðið að lögín ef sett verða, skuli taka gildi 1. apríl 1981 á sama tíma og lögín um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, ef sett verða. En einmitt á þessum tíma fellur niður gjaldskylda af grásleppuhrognum til þróunarsjóðs lagmetis-iðnaðarins.